

## REGLUGERÐ

### um breytingu á reglugerð nr. 350/2009 um kennslanefnd.

#### 1. gr.

Í stað orðsins „innanríkisráðherra“ í 3. mgr. 1. gr. reglugerðarinnar kemur: ráðherra.

#### 2. gr.

3. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Formaður nefndarinnar ákveður í samráði við hlutaðeigandi lögreglustjóra, hvort nefndin skuli starfa fullskipuð eða einstakir nefndarmenn taki þátt í rannsókn tiltekins máls. Á sama hátt skal ákveða hvort kveðja skuli aðra sérfræðinga til. Í vafatilvikum skal bera málið undir ríkislögreglustjóra.

#### 3. gr.

4. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Störf nefndarinnar fara að jafnaði fram í Reykjavík. Þó getur formaður nefndarinnar ákveðið að höfðu samráði við hlutaðeigandi lögreglustjóra hvort störf nefndarinnar skuli fara fram að nokkru eða öllu leyti á vettvangi eða annars staðar, og lýtur kennslanefnd þá stjórn viðkomandi lögreglustjóra. Í vafatilvikum skal bera málið undir ríkislögreglustjóra.

#### 4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 5. gr. reglugerðarinnar:

- Í stað orðsins „ríkislögreglustjóranum“ í 1. mgr. kemur: formanni nefndarinnar.
2. mgr. orðist svo:

Þegar tilkynning berst frá lögreglustjóra um meiri háttar slysfarir virkjast gildandi hópslysa-áætlun í því lögregluumdæmi þar sem slys hefur orðið, í samræmi við ákvæði áætlunarinnar. Með sama hætti geta séráætlanir einnig virkjast við meiri háttar slysfarir, svo sem við flugslys.
3. mgr. orðist svo:

Lögreglustjórar geta leitað eftir aðstoð frá kennslanefndinni í öðrum tilvikum. Formaður nefndarinnar ákveður hvort orðið skuli við slíkri beiðni. Í vafatilvikum skal bera málið undir ríkislögreglustjóra.

#### 5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 7. gr. reglugerðarinnar:

- Í stað orðsins „ríkislögreglustjóra“ í heiti greinarinnar kemur: formanns nefndarinnar.
- Í stað orðsins „ríkislögreglustjóra“ í a-lið 1. mgr. kemur: formanni nefndarinnar.
- Í stað orðsins „ríkislögreglustjóra“ í c-lið 1. mgr. kemur: formanni nefndarinnar.

#### 6. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 8. gr. reglugerðarinnar:

2. mgr. orðist svo:

Formaður skal sjá til þess að fundargerð verði rituð.
- Á eftir 3. mgr. 8. gr. bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Kennslanefnd ber að senda embætti ríkislögreglustjóra ársskýrslu, fyrir síðastliðið ár, þar sem gerð er grein fyrir störfum nefndarinnar, þar á meðal upplýsingar um á hvaða grundvelli greiningar voru framkvæmdar, upplýsingar um samanburðartengsl og útlíun á ferðum og ferðakostnaði vegna alþjóðasamstarfs. Ársskýrslu ber að skila fyrir lok febrúar ár hvert.
- Heiti 8. gr. orðist svo: *Fundur nefndarinnar og upplýsingamiðlun til embættis ríkislögreglustjóra.*

7. gr.  
*Gildistaka.*

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 43. gr. lögreglulaga nr. 90/1996, öðlast þegar gildi.

*Dómsmálaráðuneytinu, 15. mars 2024.*

**Guðrún Hafsteinsdóttir.**

Haukur Guðmundsson.

—————  
B-deild – Útgáfudagur: 8. apríl 2024